

Rammaáætlun 4. áfangi  
Faghópur I  
Ása Lovísa Aradóttir formaður  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
150 Reykjavík

Garðabær, 16. mars 2021  
Tilvísun: 202101-0058/42-0  
ÞLP  
þlp/mh

### Efni: Mat á gæðum gagna um náttúruminjar

Vísað er til erindis faghóps I í 4. áfanga rammaáætlunar, dags. 21. janúar 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Ísland um hvort gögn þau um náttúrufar sem grein er gerð fyrir í fylgiskjali með erindinu teljast nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í samræmi við 10. grein laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Í fylgiskjalinu er skrá yfir heimildir og gögn sem höfð eru til hliðsjónar við mat á 13 virkjunarkostum sem hópurnir hefur til umfjöllunar og viðfanginu „landslag og víðerni“. Í sama erindi er óskað eftir rýnifundi með sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar Íslands til að fara yfir gögn, í samræmi við verklag í fyrri áföngum rammaáætlunar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar felst hlutverk stofnunarinnar fyrst og fremst í meta hvort fyrirliggjandi gögn um náttúrufar virkjunarsvæðanna séu nægjanleg til að faghópur I geti lagt mat á náttúruverðmæti svæðanna og borið þau saman innbyrðis og raðað þeim eftir verndargildi. Teljist gögnin ófullnægjandi að mati stofnunarinnar þarf að afla nýrra gagna áður en matsferli hefst eða fella viðkomandi virkjunarkost út úr matsferli 4. áfanga rammaáætlunar. Á það skal bent að þó gæði gagna þyki nægjanleg til að meta svæðin innbyrðis þá er ekki víst að þau uppfylli kröfur ef meta ætti virkjunarsvæðin í samanburði við landið í heild.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir framlagða skrá og lagt mat á gæði gagna sem lúta að jarðfræði, gróðurfari og dýralífi, einkum fuglalífi, og hvort nægar upplýsingar séu fyrir hendi til að meta svæðin m.t.t. viðmiða sem lögð eru til grundvallar, með vísan til fyrri áfanga rammaáætlunar og aðferðafræði sem þar var notuð, þ.e. auðgi, fágæti, stærð/heildir, alþjóðlegs gildis og þekkingar. Farið var yfir gögn um jarðfræði svæðanna og gæði þeirra metin, þ.e. jarðfræðikort (berggrunns- og jarðgrunnskort), virk ferli og upplýsingar um einstakar jarðminjar. Við skoðun á gróðurgögnum var lagt mat á gæði vistgerðakorta, gróðurkorta og skráningu æðplöntutegunda og hvað fugla varðar var lögð áhersla á hvort fyrir lægju gögn um stofnstærðir, útbreiðslu, válistategundir og alþjóðlega ábyrgð.

Þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur ekki sérfræðinga í vatnalíffræði á sínum snærum var það að samkomulagi að faghópur I skyldi leita álits Gísla Más Gíslasonar, prófessor emeritus varðandi gögn um vatnalíffræði.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur sig ekki hafa forsendur til að meta gögn er varða landslag. Varðandi víðerni má hins vegar benda á að við undirbúning tillagna Náttúrufræðistofnunar



Íslands vegna B-hluta náttúruvinnjaskrár útbjó stofnunin viðernavefsjá út frá skilgreiningu á viðernum í 19. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd: „Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og [að jafnaði] í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlonum og uppbyggðum vegum“. Út frá þessu var afmarkað 5 km svæði út frá öllum vegum nema þeim sem flokkast sem „annað óbundið slitlag“, „malarvegur/almennir vegir“ og „malarvegur/einkavegur“, raflinum, þéttbýli, lúpínusvæðum, skógræktarsvæðum, túnnum, flugvöllum og mannvirkjum nema neyðarskýlum, gangnamannakofum, skálum, sæluhúsum o.þ.h. Náttúrufræðistofnun Íslands telur að þessi vinnugögn geti nýst í vinnu faghóps I við mat á virkjunarkostum.

Í fylgiskjali 1 (excel-skjali) er að finna yfirlit um greiningu gagna fyrir einstaka virkjanakosti. Lagt er mat á gæði gagnanna fyrir þá þætti sem þar eru taldir upp og eru gæði gagna flokkuð með eftirfarandi hætti: A= mjög góð þekking, B= allgóð þekking, C= lítil þekking og D= lítil sem engin þekking. Fáa viðfang eða undirviðfang einkunnina D er þekking ófullnægjandi til að byggja frekara mat á. Á sama hátt verður að gæta ýtrustu varúðar við að túlka viðföng eða undirviðföng sem fá einkunnina C. Fyrir hvern virkjunarkost eru settar fram athugasemdir í sérstökum dálki ef ástæða þótti.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að gæði framlagðra gagna um jarðfræði, gróður og fugla séu allgóð eða góð til að meta flesta virkjunarkosti og raða þeim innbyrðis út frá náttúruverðmætum og verndargildi (sjá töflu). Þó eru nokkrir virkjunarkostir þar sem lítil þekking er til staðar um sum viðföng (sem féllu í flokka C eða D sbr. fylgiskjal 1).

*Jarðfræði:* Níu virkjunarkostir fá heildareinkunn A eða B hvað varðar gæði jarðfræðigagna. Af þeim eru sex svæði þar sem þekking á jarðfræði er góð hvað varðar öll undirviðföng, þ.e. Vatnsfellsstöð (stækkun), Sigöldustöð (stækkun), Hrauneyjafossstöð (stækkun), Svartsengi (stækkun), Búrfellslundur og Vindheimavirkjun. Fjórir virkjunarkostir fá heildareinkunna C fyrir gæði gagna, þ.e. Skúfnavatnavirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun, Tröllárvirkjun og Sólheimar.

*Gróður:* Ellefu virkjunarkostir fá heildareinkunnina A eða B fyrir gæði gróðurgagna. Af þeim eru fjögur svæði, Svartsengi (stækkun), Búrfellslundur, Vindheimavirkjun og Alviðra, þar sem þekking á gróðri er góð hvað varðar öll undirviðföng. Tveir virkjunarkostir fá heildareinkunnina C, þ.e. Hamarsvirkjun og Tröllárvirkjun.

*Fuglar:* Níu virkjunarkostir fá heildareinkunnina A eða B fyrir gæði fuglagagna, þar af eru átta svæði, Sigöldustöð (stækkun), Hrauneyjafossstöð (stækkun), Svartsengi (stækkun), Búrfellslundur, Vindheimavirkjun, Sólheimar, vindorkugarður í Garpsdal og Alviðra, þar sem þekking á fuglum er góð hvað varðar öll undirviðföng. Fjórir virkjunarkostir fá heildareinkunnina C, þ.e. Skúfnavatnavirkjun, Hamarsvirkjun, Vatnsfellstöð-stækkun og Tröllárvirkjun.



Mat á gæðum gagna. Sjá nánari útlíðun í fylgiskjali 1.

Virkjunarkostur	Jarðfræði	Gróður	Fuglar
Skúfnavatnavirkjun	C	B	C
Hamarsvirkjun	B	C	C
Hvanneyrardalsvirkjun	C	B	B
Vatnsfellsstöð – Stækkun	A	A	C
Sigöldustöð – Stækkun	A	B	B
Hrauneyjafossstöð – Stækkun	A	B	B
Tröllárvirkjun	C	C	C
Svartsengi – stækkun	A	A	A
Búrfellslundur	A	B	A
Vindheimavirkjun	B	B	B
Sólheimar	C	B	B
Vindorkugarður í Garpsdal	B	A	B
Alviðra	B	A	B

Um öll svæðin gildir að mat á gögnum um dýralíf einskorðast við fugla. Tilgátukort um útbreiðslu algengra fuglategunda sem unnið var fyrir rammaáætlun kemur að góðum notum við að meta þau svæði sem gögn skortir um fugla. Á mörgum svæðum eru skráningar plantna ónákvæmar hvað varðar staðsetningar einstakra tegunda, t.d. válistategunda, og/eða útbreiðslu tegunda innan svæða og því getur verið erfitt að meta hvort tegund finnst innan áhrifasvæðis virkjunar eða ekki. Einnig skal tekið fram að þrátt fyrir að flokkun landvistgerða byggji á grunnögnum af vettvangi þá byggist kortlagning þeirra að miklu leyti á fjarkönnun. Kortlagning yfirflokka vistgerða, eða vistlenda, gefur raunsanna mynd af stærð og útbreiðslu þeirra á landinu. Þegar kemur að aðgreiningu einstakra vistgerða má í sumum tilvikum gera ráð fyrir að um verulegar skekkjur sé að ræða þótt þær séu mismiklar eftir vistgerðum. Vistgerðakortið er mikilvægt hjálpargagn en hafa skal í huga að í mörgum tilfellum þarf að yfirfara kortið á vettvangi (sjá ritið *Vistgerðir á Íslandi, fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 54*).

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands eru nægjanlegar upplýsingar til að meta alla framangreinda virkjunarkosti með tilliti til jarðfræði, gróðurs og fugla.

Rýnifundur faghóps I og sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands var haldinn 26. febrúar sl. var rætt um aðferðir og einkunnagjöf sem Náttúrufræðistofnun notaði við framangreint mat og spurningum faghópsins svarað.

Virðingarfyllst,



Porkell Lindberg Þórarinsson  
forstjóri

